

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Gröf, Birkibýggð 4, L227460.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi í landi Grafar. Breytingin felur í sér að skilgreindur er göngustígur um lóð 4 innan Birkibýggðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Efra-Sel, Álftabyggð.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sumarhúsahverfis Álftabyggðar í landi Efra-Sels. Breytingin felur í sér að skilgreint er leiksvæði austast á deiliskipulaginu og er áætlað að leggja göngustíg í gegnum svæðið frá norðri til suðurs. Göngustígur liggur frá aðkomuvegi að Birkibýggð, gegnum lóð nr. 4 í Birkibýggð, um leiksvæðið og áfram að Hvítárholtssvegi.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. mars 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.